

Doktorsvörn við Menntavísindasvið

Hefst: 15/12/2009 - 15:00

Lýkur: 15/12/2009 - 17:00 Staðsetning: Aðalbygging

Nánari staðsetning: Hátíðasalur

Þriðjudaginn 15. desember fer fram doktorsvörn við Menntavísindasvið. Þá ver Anna Magnea Hreinsdóttir doktorsritgerð sína „Af því að við erum börn“ Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla / "Because we are children": A democratic evaluation of education and services in four preschools in Iceland.

Rannsóknin hafði að markmiði að skoða og meta starf fjögurra leikskóla á Íslandi með aðferðum lýðræðislegs umræðumats. Menntun leikskólabarnanna og þjónusta við þau var metin af fulltrúum foreldra, starfsfólks og barna og áhrif einkaaðila á rekstur leikskóla skoðuð. Tilgangur rannsóknarinnar var að vekja umræður um stöðu barna í leikskólum og færa rök fyrir mikilvægi þess að leitað sé eftir sjónarmiðum barnanna sjálfra og hvernig þau geta haft áhrif á það starf sem fram fer í leikskólanum.

Foreldrar og starfsfólk voru sammála um að börn ættu að fá að upplifa ánægjulega bernsku og gleði í lífi sínu. Stefnt skyldi að því markmiði í leikskólastarfinu að efla sjálfræði barna og þjálfa þau til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að börnunum finnst þau litlu ráða.

Sjónarmið barna gáfu innsýn í upplifun þeirra á starfi leikskóla og gefa þau vísbendingu um hvernig hægt sé að koma til móts við nám þeirra og þarfir. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að starfsemin taki einungis mið af hagsmunum eins hóps, þess sem skipuleggur starfið, það er starfsfólks, – á kostnað hinna, barna og foreldra. Rannsóknin hefur varpað ljósi á þörf á frekari rannsóknum á aðstæðum barna á leikskólaaldri og viðhorfum þeirra.

Anna Magnea stundaði nám við Göteborgs fólkhögskola og útskrifaðist þaðan sem tólmstundaleiðbeinandi (fritidsledare) árið 1980. Eftir nám til B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræði stundaði hún nám í uppeldis- og menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands með áherslu á tölvunotkun í leikskólastarfi. Lauk hún M.Ed.-gráðu árið 2003 og bar lokaverkefni hennar heitið „Tóti var einn í tölvulandi á tölvuspilið var snjall“. Anna Magnea hóf nám til Ph.D.-gráðu haustið 2004 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi hennar var dr. Sigurlína Davíðsdóttir. Í doktorsnefnd sátu dr. Jóhanna Einarsdóttir og dr. Allyson Macdonald. Andmælendur eru dr. Gerður G. Óskarsdóttir og dr. Steinunn Hrafnisdóttir.

Anna Magnea hefur starfað á Unglingaheimili ríkisins, við Kvennaathvarfið í Reykjavík og á meðferðaheimilunum Von og Von Veritas. Hún rak leikskólann Kjarrið frá árinu 1991 til ársins 2008. Hún hefur starfað sem leikskólafulltrúi Garðabæjar frá árinu 2005.

Anna Magnea sat í fjölskylduráði Garðabæjar árin 1994–2006, í stjórn Alpýðuflokksfélags Garðabæjar 1994–1998 og í stjórn Garðabæjarlistans árin 1998–2002. Hún hefur einnig setið í foreldraráðum Hofstaðaskóla og Garðaskóla.

Anna Magnea tók þátt í NámUST-rannsókninni á tölvunotkun í skólastarfi á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands á árunum 2002–2004 og er nú þátttakandi í rannsókninni Raddir barna á vegum Rannsóknarstofu ungra barna.